

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag á Þingeyri og Ísafirði, Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

*1. Breyting á deiliskipulagi. Ísafjarðarhöfn.*

Breytingin felur í sér að hluti gildandi deiliskipulags er felldur úr gildi. Breytingin er gerð í tengslum við gerð nýs deiliskipulags á svæðinu: Suðurtangi, hafnar- og iðnaðarsvæði og Suðurtangi, íbúðar- og þjónustusvæði.

*2. Nýtt deiliskipulag. Suðurtangi, hafnar- og iðnaðarsvæði.*

Breytingin felur í sér hafnsækinn iðnað næst höfninni og almennan iðnað fjær henni. Hafnar-kantar lengjast, legusvæði við Sundabakka dýpkar og landrymi eykst um 3 ha með landfyllingu. Hafnarsvæðið verður um 2 ha með sex byggingarreitum fyrir veituhús, s.s. fyrir rafmagn, vatnsveitu, fjarskipti eða sambærilega þjónustu sem tengist starfsemi hafnarinnar. Alls er gert ráð fyrir 34 lóðum á svæðinu.

*3. Nýtt deiliskipulag. Suðurtangi, íbúðar- og þjónustusvæði.*

Breytingin felur í sér þetta, smágerða byggð sem ber einkenni þess yfirbragðs sem er að finna innan eldri byggðarinnar á Eyrinni. Komið er til móts við áherslur gildandi aðalskipulags um fjölbreyttar lóðir sem nýti sérstöðu hvers hverfis. Um er að ræða 63 lóðir, þar af 57 nýjar. Óflugt útivistarsvæði er fyrir íbúa svæðisins og nágrennis og gönguleiðir sem tengja svæðið við efri hluta Eyrarinnar.

*4. Nýtt deiliskipulag. Deiliskipulag fyrir miðbæ og hafnarsvæði á Þingeyri.*

Breytingin felur í sér nýjar lóðir á athafna- og þjónustusvæði og 2 lóðir á miðbæjarsvæði ætlaðar fyrir nýbyggingar, Fjarðargata 3 og 12. Sérstök áhersla er lögð á verndun elstu byggðarinnar og uppbyggingu gamalla húsa. Þá mun Gramsverslun færð frá Vallargötu 1 yfir á nýja lóð við Hafnarstræti 8, skv. deiliskipulaginu.

Samhliða gildistöku deiliskipulags fyrir miðbæ og hafnarsvæði á Þingeyri fellur deiliskipulagið fyrir Þingeyri, hafnarsvæði, með síðari breytingum, úr gildi.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Ísafirði, 15. desember 2015.*

**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir** skipulagsfulltrúi.